

Þingsályktun

um könnun á áhrifum fiskmarkaða.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera úttekt á gildi fiskmarkaða fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun. Nefndin afli gagna, beri saman aðstæður og leggi þannig mat á áhrif fiskmarkaða, m.a. með tilliti til:

- brottkasts,
- verðmyndunar sjávarafla,
- tekna útgerðar,
- tekna sjómanna,
- sérhæfingar í fiskvinnslu,
- nýtingar áður vannýtttra fisktegunda,
- umgengni um og frágangs á afla um borð í fiskiskipum,
- aðgengis fiskvinnslunnar að hráefni,
- möguleika á nýliðun í fiskvinnslu,
- erlendra markaða fyrir sjávarafla,
- erlendra markaða fyrir sjávarafurðir,
- verðs á útfluttum sjávarafurðum,
- flutnings á afla innan lands,
- stöðugleika í fiskvinnslu,
- byggðaðróunar.

Samþykkt á Alþingi 20. maí 2001.

